



Grein birt 31. desember 2010

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslunnar

Starfsöryggi og trú á eigin getu skiptir leikskólakennara miklu máli. Ljóst er að þeir eru málfyrirmyndir barnanna og mikilvægt að þeir hafi gott vald á tungumálinu. Hlutverk leikskólakennara í máluppeldinu er óumdeilt. Leikskólakennarar fengu tækifæri til að tjá sig um hug sinn gagnvart máluppeldinu og menntuninni sem þeir fá. Svörin leiddu í ljós að stór hluti þeirra telur að auka þurfi íslenskukennslu í kennaranáminu og margir tala um að slæmt málfar kollega þeirra valdi þeim áhyggjum. Allmargir leggja áherslu á að þeir sem vinna með börn verði að hafa gott vald á tungunni og nokkrir ræða um mikilvægi íslensku sem greinar en aðeins örfáir sjá ástæðu til að hrósa menntastofnunum fyrir góða kennslu.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Preschool teachers' attitudes toward language teaching

It is important that preschool teachers are secure in their jobs and feel self-efficacious in performing them. They are among childrens' models for language acquisition and as such they need to master that language. Their role in this process is undisputed. Preschool teachers had an opportunity to express their attitudes toward teaching language and the education that they have had. Their responses revealed that many of them feel there needs to be more emphasis on teaching Icelandic in their studies and many of them worry about their colleagues' poor articulation. A good portion of the teachers emphasize the importance of mastering the language by those who work with children, and a few of them discuss the importance of Icelandic as a subject, but only very few see a reason to praise educational institutions for good teaching of Icelandic.

Inngangur

Allir þeir sem koma að uppeldismálum á einhvern hátt munu geta verið sammála um það að í leikskólum fer fram afar mikilvægt starf. Leikskólakennarar eru, ásamt foreldrum, í aðalhlutverki hvað varðar leiðsögn og uppfræðslu barnanna. Af þeim þáttum sem hægt er að nefna þegar rætt er um áhrif kennara á ungið ber líklega hæst máluppeldið. Börnin eru að læra tungumálið og leita þá eftir fyrirmyndum í umhverfi sínu. Hið flókna samspil orðanna, beygingar, orðaröð og setningaskipan, svo dæmi séu nefnd, nema þau af því fólki sem næst þeim stendur, því fólki sem þau hlusta á og hafa málbrögð við. Leikskólakennarar eru því í lykilhlutverki þegar ungið er að tileinka sér tungumálið. Mikilvægi þess að þeir séu starfi sínu vaxnir hvað þetta varðar verður seint ofmetið.

Ragnhildur Bjarnadóttir (2004) skilgreinir kennarastarfið þannig að kennarar þurfi að kunna þau fræði sem nauðsynleg eru til starfsins, þeir þurfi einnig að geta gert það sem til þarf svo að vel takist til, og að þeir þurfi að vera ýmsum eiginleikum búnir, svo sem um-
burðarlyndi, sjálfssamkvæmni, samstarfshæfni, o.s.frv. Þeir sem finna sig vanbúna til starfsins hafa væntanlega ekki heldur mikla trú á eigin getu til þess en sú hugmynd að fólk geti framkvæmt það sem þarf til að ná æskilegum markmiðum gerir það einmitt mun líklegra að markmiðin náist (Bandura, 1997; Csikszentmihalyi, 1990). Þannig er trú leik-
skólakennara á eigin getu lykilforsenda þess að vel takist til í starfi þeirra. Samkvæmt
rannsókn Ragnhildar (2004) er persónuleg hæfni kennarans það sem þeim finnst mikil-
vægasta veganestið til starfsins. Ragnhildur gerði aðra könnun (2005), þar sem hún fann
að leikskólakennarar í námi telja mjög mikilvægt að bæta hagnýta þekkingu á kennslu-
aðferðum, ekki síður en þekkingu á uppeldisgreinum. Vettvangsnámið var þarna talið
sérstaklega mikilvægt en einnig persónulegur þroski kennaranemanna sem fundu að þeir
gátu farið að ræða um starfið á faglegum nótum eftir því sem á leið.

Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir (2007) athuguðu líðan grunnskóla-
kennara í starfi og hvaða þættir í starfinu leiddu helst til kulnunar kennaranna. Meðal þess
sem þær fundu var að of miklar starfskröfur og ónógar bjargir geti leitt til kulnunar en
nægar bjargir stuðli aftur á móti að vinnugleði. Bjargirnar voru helst í formi stuðnings,
hvatningar og hróss frá foreldrum og samstarfsfólki. Tímaskortur og hlutverkaárekstrar
voru áhættuþættir. Þarna hlýtur persónleg hæfni að skipta máli til að ráða við starfið
þegar bjargirnar verða af skornum skammti (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2005).

Leikskólakennarar eru vel meðvitaðir um ábyrgð sína á því að vera nemendum sínum
fyrirmyndir í máluppeldi þeirra við fjölbreytilegar aðstæður (Rannveig A. Jóhannsdóttir,
1997). Vygotsky (1978, bls.86) hélt því fram að tungumálið væri meðal þess sem þroska-
st smám saman hjá börnum og mótast af menningarlegu innihaldi, ekki síður en af
félagslegum og tilfinningalegum atriðum í umhverfi barnsins. Kenning hans um „svæði
mörgulegs þroska“ (e. zone of proximal development) gerir ráð fyrir því að barnið þurfi
leiðsögn og aðstoð kennara eða annarra fullorðinna áður en það nær valdi á eigin færni,
til dæmis til notkunar móðurmálsins. Þetta hlutverk leikskólakennara í máluppeldi barn-
anna er þeim ofarlega í huga, samkvæmt rannsókn Rannveigar (1997).

Menntun leikskólakennara hlýtur samkvæmt þeim íslensku rannsóknnum sem að ofan
greinir að vera mikilvægur þáttur í hæfni þeirra til starfsins og vissu þeirra um að þeir geti
gegnt því með sóma og njóti sín þar. Rannsókn Dunst og Raab (2010) bendir til þess að
ekki sé sama hvernig staðið sé að þessari menntun. Því meira sem lagt er í menntunina,
sérstaklega á vettvangi, þeim mun betur töldu leikskólakennarar að þeim nýttist hún.
Þarna virðist eiga við að meira sé betra. Önnur rannsókn (Armstrong, Cusumano, Todd
og Cohen, 2008) sýndi að þjálfun leikskólakennara í vinnubrögðum við málörvun leiddi til
mun betri árangurs barnanna en ella, sérstaklega á vettvangi. Enn önnur bandarísk
rannsókn (Donovan, 2009) sýndi að árangur barna í leikskólum var með bein tengsl við
menntun leikskólakennaranna. Því meiri menntun sem þeir höfðu í sínu fagi, því betri var
árangurinn. Svipuð niðurstaða fannst í rannsókn Fuligni, Howes, Lara-Cinisomo og Karoly
(2009), þar sem fram kom að því betri menntun sem leikskólakennarar fengu því öruggari
voru þeir í starfi og þeim mun betur gekk börnunum.

Af ofangreindu er ljóst að menntun leikskólakennara er afar mikilvæg hvað varðar starfs-
öryggi þeirra og vissu um eigin getu; starfsöryggi og sjálfsmýnd stéttarinnar hefur svo
áhrif á árangur í starfi. Því þótti forvitnilegt að kanna viðhorf kennaranna og gefa þeim
kost á að tjá sig um menntun sína og tengsl hennar við starfið. Fyrirmælin voru opin og
svarendur gátu nokkuð ráðið því um hvaða þætti þeir tjáðu sig.

Aðferð

Framkvæmd

Spurningalisti var búinn til með forritinu *SurveyMonkey*. [1] Þetta er forrit sem notað er til að senda spurningalista rafrænt og með því er hægt að fá gögnin inn á formi tölfraeðiforritsins *Excel*, eins og hér var gert. Spurningalistinn var sendur í tölvupósti til félagsmanna í Kennarasambandi Íslands samkvæmt netfangalista Sambandsins. Fjórum vikum síðar var beiðni um svörun ítrekuð og bárust þá fleiri svör.

Þátttakendur

Spurningalistinn var sendur til u.þ.b. 6000 félagsmanna í Félagi leikskólakennara annars vegar og Félagi grunnskólakennara hins vegar. Þar er um að ræða alla þá einstaklinga sem eru á netfangalista félaganna. Samkvæmt viðtali við Sesselju Sigurðardóttur hjá Kennarasambandi Íslands er þó nokkur hluti netfanganna óvirkur. Þar sem ekki er hægt að vita um svarhlutfall, að öðru leyti en því að það er mun hærra en virðist af samanburði útsendra spurningalista og innkominna svara, var aldursflokkun úrtaksins borin saman við þýðið til að vita hvort miklu munaði. Í úrtakinu voru 512 leikskólakennarar en 481 svöruðu til um aldur. Notaðar voru upplýsingar um aldur leikskólakennara 2009 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2009).

Munur á úrtaki og þýði kom aðallega fram í tveimur yngstu hópunum, eins og sést í *Töflu 1*. Fleiri voru í yngsta hópnum í þýðinu og færri í þeim næstýngsta. Að öðru leyti er dreifingin afar svipuð. Meðaltal þýðisins er ofarlega á bilinu 30–39 ára en meðaltalið í úrtakinu er rétt ofan við 40 ára á bilinu 40–49 ára.

Tafla 1 – Aldur í úrtaki borinn saman við aldur í þýði		
	Þýði skv. Hagstofu 2009 (%)	Úrtak (%)
Yngri en 29 ára	26	9
30–39 ára	29	38
40–49	22	29
50–59	17	24
60 ára og eldri	6	0
Alls	100	100

Þar sem dreifingin er ekki ólík milli þýðis og úrtaks var ákveðið að nota úrtakið til frekari útreikninga.

Mælitæki

Í könnuninni var spurt um fjölmargt sem viðkemur starfi grunn- og leikskólakennara svo og afstöðu þeirra til eigin starfs og menntunar. Hér verður þó aðeins fjallað um svör þeirra þar sem þeim var gefinn kostur á að tjá sig frá eigin brjósti um menntun sína og viðhorf til starfsins. Fyrirmælin hjóðuðu þannig:

Ef þig langar að tjá þig frekar um íslenskukennslu í kennaranámi til leikskólakennaraprófs getur þú skráð það í reitinn hér að neðan.

Þeir sem brugðust við þessu voru 75. Hér á eftir verður greint frá svörunum, þau flokkuð og sýnd dæmi. Á það skal bent að allmörg svör féllu undir fleiri en einn þátt. Þess vegna verður heildarhlutfallið hærra en 100%.

Niðurstöður

Meiri íslenskukennsla á Menntavísindasviði

Margir leikskólakennaranna (alls 36 eða 48%) sem svöruðu spurningunni vilja að íslenskukennsla á Menntavísindasviði Háskóla Íslands verði aukin. Mjög oft kom fram að kennarar hafa áhyggjur af stöðu kennaramenntunarinnar. Þó er misjafnt hvað nefnt er þegar talað er um að bæta kennsluna. Oft nefna þeir málþroska og málörvun. Svo er að sjá að áhyggjur flestra í þessum efnum snúi að því hvernig eigi að leiðbeina litlum börnum gegnum fyrstu stig máltökunnar og óöryggis gætir á því sviði. Eitt svarið er þannig:

Ég hefði viljað fá meiri umfjöllun um máltöku barna og hvernig væri hægt að bregðast við ef væru einhver frávik.

Annar segir:

Meiri kennsla og þjálfun við málörvun og ýmislegt tengt máltöku barna og börnum með önnur tungumál.

Aðrir nefna stafsetningu, talað er um „almennilegt málfar“ (sjá síðar) og mikilvægi þess að leikskólakennarar geti tjáð sig skriflega. Enn aðrir vilja einfaldlega auka kennslumagnið en skilgreina það ekki nánar, sbr. eftirfarandi:

Í öllum bænum, reynið að stuðla að því að íslenska sé kennd á öllum stigum kennaramenntunar.

Mikilvægi íslenskunnar

Nokkur svör (alls 8 svör eða 10,67%) ganga út á það að benda á mikilvægi íslenskunnar. Leikskólakennurum finnst móðurmálið vera undirstöðugrein sem verði að hlúa að og sinna sómasamlega. Eitt svarið var þannig:

Ég tel mjög mikilvægt að leikskólakennarar séu með mjög góða íslenskukunnáttu, bæði tal og ritmál. Mikilvægt er að efla þennan þátt innan leikskólakennaranámsins og þá í tengslum við leiðir til að kenna íslensku í leikskóla, kynna spil, leiki, vefefni t.d. á nams.is og þess háttar námsefni sem til er fyrir leikskólabörn.

Sumir benda á hættu sem steðjar að tungumálinu í opnu samfélagi þjóðanna sem nú er staðreynd með netsamskiptum og bættum samgöngum. Þetta má sjá á eftirfarandi svari:

Mikilvægt [er] að vel sé staðið að íslenskukennsla í kennaranámi. Þurfum að standa vörð um tungumálið í þessu fjölþjóðlega samfélagi, sem Ísland er í dag.

Og einn svarar þannig:

Það er ósk mín að kennaranemar verði meðvitaðir um hvað íslenskukennsla er nauðsynleg á öllum skólastigum.

Þetta sjónarmið má víða sjá skína í gegn þegar svörin eru skoðuð. Augsýnilega eru leikskólakennarar meðvitaðir um mikilvægi þess að varðveita tunguna og verja hana gegn ásókn bæði frá erlendum tungumálum og okkar eigin vanrækslu.

Þeir sem vinna með börn eiga að tala rétt mál

Greinilegt er að þeir sem svara þessum spurningum gera sér fulla grein fyrir því að þeir eru málfyrirmyndir og málfar þeirra skilar sér til barnanna. Allmörg svör (alls 23 svör eða 30,67%) koma beint að þessu, sbr. eftirfarandi:

Það er frumskilyrði að kennarar á yngsta stigi menntunar, leik- og grunnskóla-kennarar, hafi meira en grunnþekkingu á máli og hvernig það er undirstaða undir þróun hugsunar og lesturs. Þá skoðun mína byggir ég á reynslu til margra ára á því sem við tekur þegar börnin fara í grunnskólann. Þekking kennara yngstu barna vegur þungt varðandi alla framtíð barna sem nemendur.

Eitt svarið hljóðar þannig:

Að mínu mati er mikilvægt að allir kennarar á hvaða skólastigi sem er séu vel mælandi á móðurmálið þar sem þeir eru fyrirmyndir nemenda sinna hvort sem þeir eru að kenna eða bara spjalla, málvillur ættu ekki að heyrast í máli kennara.

Og einn segir einfaldlega:

Við erum fyrirmyndir, þurfum að tala gott og rétt mál.

Áhrif kennaranna eru óumdeilanleg. Kennari sem ekki hefur gott vald á tungumálinu hefur áhrif á tungutak barnanna í samræmi við það. Eitt af áhyggjuefnum leikskólakennara er ábyrgðin af málfarslegu uppeldi næstu kynslóðar.

Of margir kennarar eru illa að sér í íslensku

Annað efni þessu skylt var það sem snýr að slakri kunnáttu leikskólakennara í móðurmálinu. Víða kom fram að leikskólakennarar hafa nokkrar áhyggjur af þeim málum (alls 11 svarendur eða 14,67%). Eitt svarið er þannig:

Ég hef rekist á allt of marga í þessari starfsgrein sem skrifa ekki góða íslensku, nú fer þó nokkuð mikið skriflegt til foreldra og það þarf að vera á góðu máli.

Annar segir:

Mér finnst að kennarar allra skólastiga þurfi að taka sig á í íslenkukennslu. Ef kennarar eru ekki góðar fyrirmyndir í íslensku, hvernig geta þeir þá ætlast til þess að börnin læri gott mál. Það er okkar að viðhalda góðu íslensku máli í hröðu alþjóðavæddu nútímapjóðfélagi.

Greinilegt er að eitt af því sem angrar suma leikskólakennara er málfar starfssystkinanna. Þeir gera sér ljósa grein fyrir mikilvægu hlutverki sínu sem málfarsfyrirmyndir, eins og kom fram hér að ofan, og það truflar þá að verða vitni að ambögum og málfarsklúðri samkennaranna.

Háskólunum er þó ekki alls varnað

Þrátt fyrir að gagnrýni væri meginþemað í stærstum hluta svaranna mátti þó greina ljósa punkta innan um. Nokkrir viku að því í svörum sínum að kennslan hefði verið góð (alls 6 eða 8%) og lýstu yfir ánægju með dvölinu í háskólanum. Einn sagði:

Mér fannst gott að í KHÍ var lögð áhersla á að kennsla í íslensku og málörvun barna á leikskóla aldri eigi að fara fram í gegnum leik og hefbundið starf leikskóla, því ég er því hjartanlega sammála. Einnig fannst mér gott að fá að fræðast um máltöku barna og aðra tengda fræðilega hluti, það hefur hjálpað mér mikið í starfi.

Það sem hér kemur fram er reyndar í nokkurri mótsögn við það sem fram kemur í svörum hér á undan. Ljóst er að þarna fara skoðanir svarendanna svolítið hvor í sína áttina. Annar svarar þannig:

Ég fékk góða kennslu í HA varðandi barnabókmenntir og þar var mikil áhersla lögð á góða íslensku.

Svör á borð við þessi voru þó ekki mörg. Sé hér borið saman við svörin sem fyrst voru nefnd, um það álit leikskólakennara að menntun í íslensku væri ábótavant, kemur í ljós að þau svör eru sex sinnum fleiri en þessar jákvæðu athugasemdir um gagnlegt og nytsamt nám. Þeir sem eiga góðar minningar um farsælan námsferil og árangursríka kennslu eru annað hvort mjög fáir eða þeir telja ekki ástæðu til að láta heyra frá sér.

Samantekt

Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst að meginþemu í svörum leikskólakennara eru sem hér segir:

- Mjög margir af þeim leikskólakennurum sem svöruðu spurningunni (48%) telja að kennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands) sé ábótavant (þeir sem nefndu einhvern skóla töluðu í langflestum tilvikum um Menntavísindasvið).
- Nokkrir svarendur (10,67%) nefndu að þeir teldu móðurmálskennslu mikilvægan þátt í menntun leikskólakennara.
- Allmargir leikskólakennarar (30,67%) leggja áherslu á að þeir sem vinna með börn eigi að tala gott mál og geta leiðrétt börnin og leiðbeint þeim á viðkvæmu skeiði málþroskans.
- Nokkur hluti svarenda (14,67%) hefur áhyggjur af því að leikskólakennarar (hér vísa kennararnir til starfssystkina sinna) séu of illa að sér í móðurmálinu og margir þeirra tæpast færir um að vera þær málfyrirmyndir sem krafan er gerð um.
- Nokkrir af þeim sem brugðust við opnu fyrirhæfingunni (8%) nefndu að þeir hefðu fengið góða kennslu þegar þeir fóru í gegnum leikskólakennaranámið.

Umræður

Forvitnilegt er að skoða þær niðurstöður sem kynntar eru hér að ofan í ljósi þess sem fram kemur í upphafi greinarinnar. Samkvæmt því sem þar segir (Bandura, 1997; Csikszentmihalyi, 1990; sjá einnig Ragnhildi Bjarnadóttur, 2004) er trú leikskólakennara á eigin getu lykilsenda þess að vel takist til í starfi þeirra. Stór hluti af þeim 75 sem tjáðu sig frá eigin brjósti taldi að námi sem leikskólakennurum er boðið upp á væri ábótavant. Fram kemur að margir kennarar eru óöruggir um starfsgetu sína og skýra það með því að kennslan hafi ekki verið nægilega góð. Hér má einnig minna á það sem fyrr kom fram um kulnun í starfi (Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir, 2007). Helstu áhættuþættir í því sambandi eru að þeirra mati tímaskortur og hlutverkaárekstrar. Af þeim svörum sem bárust frá leikskólakennurum má draga þá ályktun að hér skipti líka máli hve sterk sjálfsmyndin er og þar er menntunarlegur bakgrunnur mikilvægur. Svo margir svarenda benda á slaka kunnáttu leikskólakennara í íslensku að hér virðist vera um nokkuð útbreitt vandamál að ræða. Kennari sem á í vandræðum með að koma saman sómasamlega orðuðu bréfi til foreldra hlýtur að búa við streitu og óöryggi í starfi. Ekki er úr vegi að ímynda sér að slíkt leiði að lokum til kulnunar.

Athyglisvert er það sem fram kemur um afstöðu kennara til starfsins. Margir nefna það að móðurmálið sé mikilvægur þáttur í uppeldi barna og aðrir lögðu á það áherslu að þeir sem vinna með börn verði að hafa góð tök á tungumálinu. Þetta kallast skemmtilega á við það sem fram kemur hjá Rannveigu A. Jóhannsdóttur (1997). Hlutverk leikskólakennara í máluppeldi barnanna, sem aftur tengist kenningum Vygotskys um svæði mögulegs þroska (Vygotsky, 1978, bls. 86), er þeim ofarlega í huga, samkvæmt rannsókn Rannveigar og sú rannsókn sem hér er greint frá styður þá niðurstöðu.

Rannsóknir sem vitnað var til í upphafi (Armstrong, Cusumano, Todd og Cohen, 2008; Donovan, 2009; Dunst og Raab 2010; Fuligni, Howes, Lara-Cinisomo og Karoly, 2009) sýna að menntun leikskólakennara hefur víðtæk áhrif á starf þeirra til hins betra. Því meiri sem þjálfun og menntun kennaranna er og því meira sem lagt er í þá menntun, þeim mun betri er árangurinn af vinnu þeirra með börnunum. Ein aðaluppistaðan í svörum leikskólakennara sem hér eru til skoðunar er krafa um meiri og markvissari menntun. Af svörum þeirra má draga þá ályktun að þeir vilji af heilum hug leggja sitt af mörkum til að starf þeirra beri árangur en slök og ómarkviss móðurmálsmenntun er þröskuldur á þeirri leið enda sáu margir þeirra ástæðu til að láta þess getið að þeir teldu íslenskukunnáttu afar mikilvægan þátt í starfi leikskólakennara. Þessi niðurstaða hlýtur að hvetja til þess að kennaramenntunin verði endurskoðuð með tilliti til íslenskunámsins sérstaklega og Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem helsti vettvangur kennaranáms í landinu, láti til sín taka um það mál.

Aftanmálgrein

1. Sjá vefslóðina <http://www.surveymonkey.com/>. Upplýsingar voru sóttar 21. janúar 2009.

Heimildir

- Anna Póra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. (2007). Líðan kennara í starfi – vinnugleði eða kulnun? *Uppeldi og menntun*, 16(1), 73–92.
- Armstrong, K., Cusumano, D. L., Todd, M. og Cohen, R. (2008). Literacy training for early childhood providers: Changes in knowledge, beliefs, and instructional practices. *Journal of Early Childhood Teacher Education*, 29(4), 297–308.
- Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. New York: W. H. Freeman and Company.
- Csikszentmihalyi, M. (1990). *Flow: The psychology of optimal experience*. New York: Harper Perennial.
- Donovan, L. F. (2009). *Abbott preschool: 10 years later*. Newark, NJ: Association for Children of New Jersey.
- Dunst, C. J. og Raab, M. (2010). Practitioners' self-evaluations of contrasting types of professional development. *Journal of Early Intervention*, 32(4), 239–254.
- Fuligni, A. S., Howes, C. Lara-Cinisomo, S. og Karoly, L. (2009). Diverse pathways in early childhood professional development: An exploration of early educators in public preschools, private preschools, and family child care homes. *Early Education and Development*, 20(3), 507–526.
- Hagstofa Íslands (2009). *Grunnskólar*. Sótt 27. júlí af <http://www.hagstofa.is/Pages/79>
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2004). Að verða kennari: Sýn kennaranema á eigin starfshæfni. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 25–44.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2005). Hvernig styður Kennaraháskóli Íslands við starfshæfni kennaranema? *Uppeldi og menntun*, 14(1), 29–48.
- Rannveig A. Jóhannsdóttir. (1997). „Af því læra börnin málið“: Málþjálfun á mótum leikskóla og grunnskóla. *Uppeldi og menntun – Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 6, 7–35.

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society*. Í M. Cole, V. John-Steiner, S. Scribner og R. S. E. Weiss (ritstjórar) Cambridge: Harvard University Press.



Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2010).
Viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslunnar.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/022.pdf>